



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu þing
Íþróttá- og ólympíusambands Íslands
24. apríl 2004**

Forystusveit Íþróttahreyfingarinnar,
Góðir þingfulltrúar.

Þegar heiðursmaðurinn Gísli Halldórsson, mikilhæfur forystumaður íþróttahreyfingarinnar í áratugi og áhrifamaður í íslensku samfélagi, færði hreyfingunni að gjöf fyrir nokkrum dögum merkt safn viðurkenninga, verðlauna og minjagripa varð mér hugsað til þess hve stórbrotna framfarasögu þeir forystumenn í íslensku íþróttalífi, sem nú eru á háum aldri, hafa í senn lifað og skapað. Þegar Gísli hlaut fyrsta gripinn, sem í gjöfinni er, var Ísland enn fátækasta land álfunnar, fábrotið samfélag sjómanna og bænda, hafði ekki enn náð því sjálfstæði sem veitti þjóðinni fullan rétt og íþróttahreyfingin var fyrst og fremst bundin við heimaslóðir. Þátttaka í leikum á erlendri grund var sjaldgæf og ætíð talin stórfrétt, jafnvel frægðarför.

Nú er alþjóðleg framganga íslensks íþróttafólks daglegt brauð. Við eigum keppendur í öðrum álfum og í fjölda greina, dagblöð og íþróttapættir flytja reglulega fréttir um úrslit í keppni og leikjum á erlendum grundum og framganga Íslendinganna sem þar eru á velli er jafn fréttænæg og það sem gerist í hverri viku í leikjum hér heima.

Þegar við horfum á Eið Smára eiga stóran þátt í sigri Chelsea á Arsenal og gleðjumst yfir því að fylgjast með leiknum í beinni útsendingu þá er vert að hugleiða andartak að þessum stórleik var jafnframt sjónvarpað til meira en 150 landa. Slík er veröldin sem íslenskt íþróttafólk býr nú að, þáttaskilin svo risavaxin að það er í senn ævintýri og kraftaverk að slíkt skuli gerast á ævi einnar kynslóðar, að heiðursmaðurinn Gísli Halldórsson skuli í fullu fjöri geta horft með okkur

og hundruðum milljóna manna um allan heim á Eið Smára geysast fram völlinn.

Ólympíuleikarnir voru fyrrum eina alþjóðahátíðin sem íþróttahreyfing heimsins átti saman, stórviðburður fjórða hvert ár sem dró að sér athygli og var hápunktur á ferli afreksfólks, tími sem gaf óþekktum hetjum tækifæri til heimsfrægðar; nýfrjálsar þjóðir fögnuðu sigurstundum þegar fulltrúi þeirra steig á verðlaunapall, tilfinning sem Íslendingar þekkja vel enda stundin stór þegar fréttin barst fyrir senn fimmtíu árum um silfur Vilhjálms.

Vissulega eru Ólympíuleikarnir enn einstæður viðburður og eftirvæntingin sem tengist leikunum sem hefjast í Aþenu eftir fáeina mánuði er svo sannarlega mikil. Okkar keppnisfólki fylgja árnaðaróskir og stuðningur allra Íslendinga.

Íþróttalífið á okkar tímum er þó orðið með þeim hætti að við njótum nú nánast samfelldra alþjóðaleika árið um kring. Við fáum á hverjum degi fréttir af úrslitum einhvers staðar í veröldinni, úrslitum sem vekja áhuga okkar og margir biðu með eftirvæntingu. Æskufólk á sér stjórnur og fyrirmyndir frá öðrum löndum og okkar litla þjóð mælir árangur afreksfólksins hér heima við það besta sem þekkist í veröldinni.

Íþróttahreyfingin er við upphaf nýrrar aldar orðin burðarás í alþjóðastarfi Íslendinga, framlag okkar til fjölþættrar samvinnu sem tengir þjóðir heims saman, mælikvarði á stöðu okkar sem sjálfstæðrar þjóðar. Þetta hlutverk hefur vaxið mjög á umliðnum árum og á efalaust eftir að verða æ ríkara á komandi tímum. Íþróttahreyfingin er ekki aðeins vettvangur fyrir uppeldi og þjálfun æskufólks, keppni og leika þar sem þúsundir taka þátt; vettvangur iðju sem stuðlar að heilbrigði og hollu líferni; hún er í vaxandi mæli fulltrúi Íslands í samfélagi milljónanna um veröld víða.

Íþróttahreyfingin er nú í eðli sínu mun meira en vettvangur þjálfunar og keppni, hún er öflug hreyfing friðar og samstarfs sem stuðlar að sátt og samlyndi milli þjóða. Því kynntist ég vel þegar ég fór í fyrsta sinn fyrir um fjórum árum á heimsleika Special Olympics, heimsleika þar sem seinfærir og þroskaheftir keppendur koma saman. Fátt sem ég hef kynnst í starfi mínu síðustu árin hefur haft meiri áhrif á mig en að sjá með eigin augum árangurinn sem Special Olympics voru að skapa. Ungmenni sem áður fyrr og jafnvel enn væru vistuð á stofnunum og ekki talin hæf til þátttöku í daglegu lífi, hvað þá heldur keppni á alþjóðavelli, voru þarna komin þúsundum saman frá öllum álfum heims og nær öllum löndum; gleðin og stoltið, einbeitingin og sigurviljinn voru slík að aldrei gleymist þeim sem viðstaddir voru. Og mikil var kætin þegar íslenska liðið í

fótbolta sigraði heimamenn frá Norður-Karólínu, en þar voru heimsleikarnir haldnir, með mesta markamun sem náðst hefur í landsleik á okkar vegum.

Íþróttasamband fatlaðra hefur skipulagt þátttöku Íslands í Special Olympics með þeim árangri að á heimsleikunum í Bandaríkjunum og á síðasta sumri á Írlandi voru fleiri þátttakendur frá Íslandi en flestum öðrum Norðurlöndum. Alúð og ræktarsemi Íslendinga við þennan þátt í íþróttastarfi hefur verið slík að vakið hefur athygli víða um heim. Það var meðal annars í krafti þess árangurs sem Íslendingar hafa náð, að stjórn Special Olympics bauð mér nýlega að taka sæti í heimsstjórn samtakanna og ákvað ég að verða við þeirri ósk. Það er einlæg von mín að seta mín í stjórn Special Olympics verði íslensku íþróttastarfi til framdráttar og alþjóðlegri samvinnu á þessu sviði til styrktar.

Það hefur verið mér mikill lærdómur að kynnast af eigin raun því fórnfúsa starfi sem fjölmargir í Kennedy-fjölskyldunni hafa lagt að mörkum innan Special Olympics og það sýnir enn á ný hve sjálfböðastarfið getur skilað miklu. Við Íslendingar höfum einnig kynnst því vel hve ríkan þátt sjálfböðastarfið á í að efla og styrkja íþróttirnar.

Íþróttahreyfingin sem hér kemur saman til þings hefur fyrst og fremst orðið öflug og sterk í krafti sjálfböðastarfsins sem þúsundir Íslendinga hafa unnið í áratugi. Á tímum vaxandi áherslu á atvinnumennsku, hagnað og arðsemi á öllum sviðum skulum við ekki missa sjónar á mikilvægi sjálfböðastarfsins, ekki glata þeim sanna íþróttanda sem það vekur. Íþróttahreyfing án öflugs sjálfböðastarfs verður aldrei svipur hjá sjón, dofni það munu lindir endurnýjunar og aukins þroska þorna upp.

Ég óska Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands allra heilla og þakka fyrir hönd þjóðarinnar það frábæra starf sem unnið er á ykkar vegum, þakka jafnframt ánægjulega samvinnu sem við höfum átt og margar gleðistundir við að njóta keppni og leiks á ólíkum völlum.